

FUNDARGERÐ

Almenni lífeyrissjóðurinn – Ársfundur 2010.

Staður: Grand Hótel í Reykjavík

Tími: 29. apríl 2010, kl. 17.15

Eftirfarandi gerðist:

Páll Á. Pálsson formaður sjóðsins bauð fundarmenn velkomna og bar upp tillögu um fundarstjóra, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmann. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri las upp tillögu að fundarritara, Jóhannesi Þórðarsyni arkitekt. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði og lýsti fundinn löglega boðaðan.

Gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar.

Páll Á. Pálsson formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar og greindi frá ákvörðun stjórnar frá því í gær, 28. apríl.2010 um hlutfallslega skerðingu lífeyrisréttinda um 12%, ekki 16,7% eins og áður hefur komið fram í útsendum gögnum.

Páll rakti helstu verkefni stjórnar. Í framsögu hans kom m.a. eftirfarandi fram:

- a. Í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008 hefur öllum iðgjöldum séreignasjóðs verið ráðstafað inn á Innlánasafn sem ávaxtar allar eignir á bankareikningum innlánsstofnana á Íslandi. Þessi ráðstöfum er enn í gildi og verður áfram.
- b. Afskriftarhlutföll hafa verið yfirfarin mjög regluglega til að gæta jafnræðis allra sjóðfélaga.
- c. Gerði grein fyrir lögum og reglum um fjárfestingar í verðbréfum, og þeirri staðreynd að lífeyrissjóðir urðu að fjárfesta í fyrirtækjaskuldabréfum, enda takmarkað framboð ríkisskuldabréfa. Reynt var að hafa arðsemi að leiðarljósi.
- d. Sjóðurinn hefur gert kröfu í gjaldþrota fyrirtæki, eða þurft að semja um afskriftir krafna þegar um nauðasamninga hefur verið að ræða. Reynt er að fara yfir hugsanlega riftanlega gjörninga eða ólöglega gjörninga. Allar ákvarðanir eru teknar með sjónarmið og rétt sjóðfélaga að leiðarljósi.
- e. Fjárfestingastefnunni hefur verið breytt til að auka áhættudreifingu. Skilgreint viðmið við val á verðbréfum sem ekki eru gefin út af ríkissjóði og vinnureglur vegna slíks vals hafa verið endurskilgreind og endurskoðuð.
- f. Vinnuhópur (lærdómshópurinn) á vegum Landssambands lífeyrissjóða hefur sett fram skýrslu um lærdóminn af hruginu m.t.t. starfshátta lífeyrissjóða. Skýrslan er á vef Almenna www.almenni.is.

- g. Stjórn leggur til hlutfallslega skerðingu lífeyrisréttinda um 12%, til að ná jafnvægi milli eigna og áunninna skuldbindinga. Jafnvægi mun nást á tveimur árum og stefnt er að því að staðan verði +/-5% árið 2012. Stjórnin telur sig hafa svigrúm til að milda skerðinguna á næstu tveimur árum. Stjórn vonast að sjálfsgöðu til þess að afskriftir afleiðusamninga dugi til þess að ekki þurfi að grípa til skerðinga umfram þá tillögu sem nú er sett fram. Ef ekki, þarf að skerða að ári um 5% og aftur um 2% árið 2012.
- h. Stjórn hefur staðið fyrir mörgum ræðingum um málefni sjóðsins. Þannig gefst sjóðfélögum kjörið tækifæri til að ræða milliliðalaust um málefni sjóðsins, koma á framfæri hugmyndum og ábendingum og gera gagnsæji betra. Vefurinn hefur verið endurbættur reglulega.
- i. Stjórn fundar að meðaltali einu sinni í mánuði, en s.l. 12 mánuði hefur 21 fundur verið haldinn, auk fjölda annarra funda vegna vinnuhópa sem einstakir stjórnarmenn sitja í.
- j. Kosið verður um 2 sæti í aðalstjórn. Þrír núverandi stjórnarmenn gefa kost á sér til endurkjörs. Tveir aðrir eru í framboði, því munu 5 sækjast eftir stjórnarsetu í kosningu. Formaður þakkaði samstarfsfólki sínu í stjórn, hann þakkaði starfsfólkinu fyrir samstarfið og framlag þess við erfiðar aðstæður. Þorkell Erlingsson varamaður hættir störfum í stjórn frá og með þessum fundi og eru honum færðar sérstakar þakkir fyrir hans vinnuframlag.

Framsögu formanns má sjá í heild sinni á vef AL www.almenni.is

2. Ársreikningu 2009 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingasjóðs.

Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri AL rakti afkomu og ávöxtun AL á árinu 2009. Hann greindi frá eftirfylgni vegna gjaldþrota, nauðasamninga og innheimtu skuldabréfa. Ævisöfn 3 og 4 hafa farið illa út úr efnahagshruninu og er GB ósáttur við þá staðreynd. Hann minnti á erfiðar aðstæður en viðurkenndi að það hefði mátt fara varlegar í fjárfestingar.

GB fór yfir helstu tölur úr ársreikningi. Ársreikning má í heild sinni finna á vefnum www.almenni.is

- Hrein eign stóð í stað á milli ára að teknu tilliti til verðbólgu og nam eignin 93,3 milljörðum í árslok.
- Iðgjaldagreiðslur lækkuðu í fyrsta sinn á milli ára og námu 7,14 milljörðum.
- 5200 sjóðfélagar hafa nýtt sér heimild til sérstakra aukagreiðslna úr sjóðum AL upp á 2,4 milljörðum.
- 5.926 greiddu lágmarksiðgjöld á árinu 2009
- Rekstrarkostnaður svipaður og árið áður, en mun vonandi lækka næstu ár, en nokkur útgjöld voru samhliða því að hefja sjálfstæðan rekstur.
- Í ársskýrslu er gerð grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Fram kemur að áfallin staða er -22,8%, framtíðarskuldbinding er +4,9. Heildarstaðan

er -11,1%. Hún er heldur lakari en stjórnin vonaðist til. Verðbólga var mikil eða 8,6% og nýjar lífslíkur sína að meðalævi lengist. Stjórn vill að sjóðurinn sé í jafnvægi. Lögð er fram tillaga um skerðingu upp á 12%. Áhrifin þýða að áfallin staða verður -12,4%, og heildarstaðan -4,5%. Þarf að ná stöðunni inn fyrir +/- 5% innan tveggja ára og vonumst til þess að ekki þurfi að koma til frekari skerðinga en getum ekki fullyrt að það gangi eftir.

GB velti upp nokkrum spurningum og reyndi að svara þeim:

Er AL að fara lakar út úr hruninu en aðrir sjóðir? Stjórnin telur svo ekki vera. Við höfum afskrifað meira, og aðrir sjóðir eru flestir með blönduð réttindi. Það er AL ekki. Ef horft er 2 ár aftur í tímann þá hafa lífeyrisgreiðslur hækkað um 26,8% á tímabilinu.

Gerðum við mistök: svarið er já. Vægi skuldabréfa var of hátt. Vægi nokkurra skuldabréfa fyrirtækja var of hátt. GB rakti eignir lífeyrissjóða fyrir hrun og þá þröngu stöðu sem sjóðirnir voru í til að ná í skuldabréf. Skuldabréf bankanna töldust ígildi ríkisskuldabréfa hjá matsfyrirtækjum. Nóg framboð fyrirtækjaskuldabréfa, menn vildu eiga dreift safn og enginn trúði því að allt hrundi í einu. Margra ára góð reynsla á innlendum skuldabréfum var talin næg trygging fyrir fjárfestingum í þeim, en eftir á að hyggja var markaðurinn vanþroska, og Kauphöllin brást í mati, sem og við sjálf.

Var sjóðurinn misnotaður af eigendum Glitni? Þess var gætt að sjóðstjórar AL önnuðust öll kaup, ekki sjóðstjórar Glitnis. Enginn utanaðkomandi kom að þeim gjörningum. Sjóðstjórar vöktuðu eignarflokkana.

Gjaldeyrisvarnirnar: voru þær skammtímahagnaðarvon? Völdum að semja til skemmri tíma vegna vals um að ganga út úr samningum eða inn í samninga. Tilgangurinn að minnka sveiflur vegna flökts gjaldeyris-skráningar. Við beyttum þrepavörn. Varnir gátu mest verið 50%. Markmiðið var að draga úr sveiflum. Ekki var reiknað með jafn svakalegri lækun krónunnar og raunin varð.

Þáðu starfsmenn boðsferðir eða gjafir: birt var yfirlit yfir ferðir á tímabilinu 2004 til 2007. Fjórar ferðir vorur farnar. Allar fjórar ferðir farnar til gagns vegna sjóðsfélaga. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn þáðu gjafir eða veiðiferðir.

Góð samvinna er á milli lífeyrissjóðanna við að tryggja eignir sjóðanna og við endurheimtu krafna.

Glærur framkvæmdastjóra má sjá í heild sinni á vef AL www.almenni.is

3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2010 og ávöxtun ævileiða og safna sjóðsins árið 2009: Helga Indriðadóttir sjóðstjóri kynnti.

Helstu breytingar frá fyrri fjárfestingastefnu eru þær að vægi ríkisskuldabréfa, innlána og sveitarfélagabréfa er aukið, erlend ríkisskuldabréf eru nú hluti af blönduðum verðbréfasöfnum, búið er að stofna tvær nýjar ávöxtunarleiðir; Ríkissafn langt og Ríkissafn stutt, loks eru settar fram viðmiðanir við val á verðbréfum.

Markmið fjárfestingastefnu er að auka gegnsæi og draga úr áhættu í söfnum.

Nafnávöxtun safna árið 2009:

Ævisafn 1: 14,6%
Ævisafn 2: 9,3%
Ævisafn 3: - 6,4%
Ævisafn 4: 0,2%
Samtryggingarsjóður: 8,6%
Ríkissafn stutt: 4,8%
Ríkissafn langt: 18,5%
Innlánasafn: 15,2%

Verðbólga á árinu 2009 var 8,6%

Rakin var þróun á verðbréfamörkuðum, gerð var grein fyrir langtímaávöxtun á árunum 1990 til 2010, farið var yfir eignaflokka í skuldabréfaeign sjóðsins og erlendar eignir (sjá á bls 13 og 14 í ársskýrslu).

Rakti ávöxtun frá síðustu áramótum. Góð að undanskildri lækkun vegna gjaldþrots Byrs. Jákvæð raunávöxtun í öllum söfnum það sem af er árinu 2010.

Fjárfestingastefnan og ávöxtun safna í heild sinni eins og þau voru kynnt að fundinum eru á vef AL www.almenni.is

4. Skýrsla endurskoðunarnefndar: Gísli Hlíðberg Guðmundsson formaður nefndarinnar.

2009 varð samkvæmt nýjum lögum að skipa endurskoðunarnefndir. GHG fór yfir hlutverk nefndarinnar. Gerði grein fyrir skýrsla ytri endurskoðenda. Áritun er fyrirvaralaus og án ábendingar.

Benti þó á að óvissa er á mati eigna.

Endurskoðunarnefndin leggur til að ársreikningar verði samþykktir.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrsluna, fjárfestingarstefnu og skýrslu endurskoðunarnefndar. Engar umræður.

Fundarstjóri bar ársreikning 2009 og skýrslu stjórnar til samþykktar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar voru samþykkt með handauppréttingu án móttakvæða.

5. Tillögur um breytingar á samþykktum: GB kynnir.

Stjórn AL leggur til eftirfarandi:

a. Lagt er til að grein 11.3 verði breytt þannig að beiðnir um flutning á milli ávöxtunarleiða verði afgreiddar mánaðarlega eða í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst.

Núverandi grein:

11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli ævisafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli ævisafna tveimur virkum dögum eftir að beiðni berst þegar búið er að reikna gengi dagsins. Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt ævileiðinni.

Tillaga stjórnar að breytingu:

11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli verðbréfasafna í lok mánaðar eftir að beiðni berst. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt ævileiðinni.

Fundarstjóri lagði til kosningu um tillöguna með handauppréttingu. Tillagan var borin upp og enginn var á móti og telst tillagan því samþykkt.

b. Lögð er til breyting á grein 12.6 um útborgun úr séreignasjóði.

Núverandi grein:

12.6 Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Ef óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin framkvæmd innan tveggja virkra daga eftir að beiðni berst og miðar við gengi útborgunardags.

tillaga að breytingu:

12.6 Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Ef óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin framkvæmd 15. dag mánaðar (eða fyrsta virka dag þar eftir ef 15. dagur er frídagur) ef beiðnin berst í fyrri hluta mánaðar en annars í byrjun næsta mánaðar með mánaðarlegum greiðslum.

Fundarstjóri lagði til kosningu um tillöguna með handauppréttingu. Tillagan var borin upp og enginn var á móti og telst tillagan því samþykkt.

c. Í framhaldi af tryggingafræðilegri ahugun á fjárhag samtryggingarsjóð miðað við 31.12.2009 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum AL leggur stjórn sjóðsins til að lífeyrisréttindi verði lækkuð hlutfallslega um 16,7% frá og með 1. júní 2010.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. apríl 2010

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2009 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 16,7% frá og með 1. júní 2010.

Stjórnin leggur fram eftirfarandi breytingatillögu við tillögu um bráðabirgðaákvæði.:

Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. apríl 2010

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2009 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 12% frá og með 1. júní 2010.

Umræður:

Oddur Ingimarsson: er óhress með vinnubrögð vegna ákvörðunar um skerðingu réttinda. Stjórn mælti með skerðingu samhljóma á stjórnarfundi (fyrir þrem vikum síðan) upp á 16,7 % í samræmi við tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins um a.m.k. 15% skerðingu. En í gær bar svo við að framkvæmdastjóri sjóðsins bar upp tillögu sem ber keim af örvæntingu, þ.e. skerðingu upp á 12%. Honum finnst þetta rýra trúverðuleika stjórnar. Leggur til að fyrri tillaga um 16,7% skerðingu verði borin upp og samþykkt.

Sigurbjörn Sveinsson: það var ágreiningur í stjórn í gær sem varð að leysa með kosningu. Ef fullt jafnvægi þyrfti að nást þá hefði 19% skerðing þurft að vera. Stjórnin hlustaði á ráðgjöf sérfræðinga. Okkur var sýnt hvernig milda mætti skerðinguna og ber að hlusta á ný rök sem komu fram á fundinum. Tekur hins vegar fram að hann styður Odd til áframhaldandi setu í stjórn.

Atkvæðagreiðsla

Kosið um skerðingu réttinda:

Breytingartillaga um 12% skerðingu: skrifleg kosning: atkvæðaseðill merktur atkvæðagreiðla 3 skal notaður.

Já sögðu 1.986.039.831 eða 87,02%

Nei sögðu 296.292.565 eða 12,98%

Breytingartillaga stjórnar um 12% skerðingu telst því samþykkt.

6. Kosning stjórnar:

Kjósa skal tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára. Kjörtímabili þriggja stjórnarmanna lýkur á fundinum (Björn A. Magnússon, Oddur Ingimarsson, Rannveig Einarsdóttir)

Eftirfarandi gefa kost á sér í stjórn:

Björn Arnar Magnússon tæknifræðingur
Gunnar Einarsson tölvunarfræðingur
Oddgeir Ottesen doktor í hagfræði
Oddur Ingimarsson læknir og viðskiptafræðingur
Rannveig Einarsdóttir lyfjafræðingur

Oddgeir Ottesen kynnti sig. Vill hafa skýrari reglur um fjárfestingar.

Björn Arnar Magnússon kynnti sig.

Gunnar Einarsson kynnti sig. Vill endurnýjun. Ef skip strandar þarf að skipta um í brúnni. Fjárfestingarstefnan er sterk, en kemur of seint. Skorar á kosna stjórnarmenn frá því fyrir hrun að segja af sér.

Oddur Ingimarsson kynnti sig. Telur mikilvægt að menn hafi góða undirstöðuþekkingu í þeim greinum sem ábyrgðarstöður krefja.

Rannveig Einarsdóttir kynnti sig. Gerði grein fyrir menntun og störfum.

Andrés Magnússon læknir: styður Odd. Á að skipta út vegna óhæfis eftir samskipti við Glitni

Ingvar Baldursson: vill breytingar. Hvetur stjórnarmenn sem sátu fyrir hrun að segja af sér.

Gengið til kosninga, og féllu atkvæði sem hér segir:

Björn Arnar Magnússon: 623.551.004 atkvæði eða 7%
Gunnar Einarsson 1.425.998.758 atkvæði eða 16%
Oddgeir Ottesen 2.521.627.204 atkvæði eða 28%
Oddur Ingimarsson 3.117.800.820 atkvæði eða 35%
Rannveig Einarsdóttir 1.209.475.596 atkvæði eða 14%

Oddur Ingimarsson og Oddgeir Ottesen teljast því rétt kjörnir stjórnarmenn til næstu þriggja ára.

Kallað eftir framboðum í varastjórn:

Rannveig Einarsdóttir, Björn Arnar Magnússon, Bjarni Halldórsson, Gunnar Einarsson og Jón Óli Ólafsson gefa kost á sér.

Bjarni kynnir sig
Gunnar kynnir sig
Jón Óli kynnir sig

Gengið til kosninga um sæti eins varamanns og féllu atkvæði sem hér segir:

Bjarni Halldórsson: 256.838.063 eða 5,38%
Björn Arnar Magnússon 300.763.350 eða 6,30%
Gunnar Einarsson 3.292.444.246 eða 68,99%
Jón Óli Ólafsson 57.671.009 eða 1,21%
Rannveig Einarsdóttir 864.830.073 eða 18,12%

Gunnar Einarsson telst því rétt kjörinn varamaður í stjórn til næstu þriggja ára.

7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.

Tillaga stjórnar er að KPMG endurskoðun verði endurskoðendur sjóðsins.

Gunnar Einarsson telur að ekki eigi að kjósa þau félög sem voru þátttakendur í hruninu. Leggur til Grant Thornton að verði endurskoðunarfélag AL.

PÁP: vill að málinu verði vísað til endurskoðunarnefndar til að hægt verði að framkvæma útboð hjá þeim fyrirtækjum sem uppfylla kröfu Gunnars Einarssonar.

Fundarstjóri upplýsir að samkvæmt samþykktum félagsins verður að kjósa endurskoðendafélag fyrir AL á ársfundi. Fundarstjóri segir að kjósa verði um tillögurnar tvær, þ.e. um Grant Thornton eða KPMG.

Magnús Magnússon: vill fá að vita tengslin á milli Gunnars Einarssonar og Grant Thornton. Spyr líka um hvað nýjir stjórnarmenn hefðu gert fyrir hrun. Finnst ómaklega vegið að stjórn.

Gunnar Einarsson segir Grant Thornton hafa endurskoðað sitt fyrirtæki og segist hafa kannað hvort þeir tengist þeim félögum sem komu að hruninu. Segir að svo sé ekki.

Tryggvi Ásmundsson: má fresta málinu og boða framhaldsaðalfund? Vill fá fram frekari upplýsingar um Grant Thornton og vill ekki kjósa KPMG (of stórir þátttakendur í hruninu).

PÁP: vill að kosið verði og málinu vísað til endurskoðunarnefndar til að grennslast fyrir um Grant Thornton og ef sú skoðun er ekki góð þá verði boðað til fundar í haust.

Björn Th. Árnason: undrandi á því hvað menn eru fljótir að stökkva til. Segir stjórn setja hlutina fram af fagmennsku. Endurskoðun krefst fagmennsku. Tökum faglega afstöðu.

Sigmundur Magnússon: hvað hafa endurskoðendurnir núverandi starfað lengi?

GB: núverandi endurskoðandi Sæmundur Valdimarsson frá KPMG tók við 2009. En KPMG hefur starfað fyrir AL síðan 2006.

Kosið um breytingatillögu við tillögu stórnar:

Nota á atkvæseðil nr. 7: Þeir sem vilja Grant Thornton segi Já, þeir sem vilja KPMG segi Nei

Já sögðu 3.175.508.608 eða 67,5%
Nei sögðu 1.528.921.198 eða 32,5%

Grant Thornton telst því rétt kosið endurskoðunarfélag AL til eins árs.

8. Laun stjórnar:

PÁP gerði grein fyrir tillögu stjórnar um óbreytt stjórnarlaun frá fyrra ári. Laun stjórnarmanns verði kr. 55.000,- á mánuði. Formaður fái tvöföld laun eða kr.110.000,- á mánuði og varaformaður ein og hálf laun eða kr. 82.500,- á mánuði. Varamenn fái greiddar kr. 50.000,- fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna.

Tryggvi Ásmundsson: rifjar upp laun í tíð lífeyrissjóðs lækna. Þá telur hann að hvorki stjórn né framkvæmdastjóri hafa staðið sig.

Leggur fram tvær tillögur:

- a. *“Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins samþykkir að laun stjórnar vegna næsta starfsárs skuli lækka frá fyrra ári um 20%. Lækkunin samsvarar samanlagðri skerðingu réttinda í samtryggingarsjóði frá september 2009.”*
- b. *“Ársfundur samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins að launakostnaður vegna framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og fjárfestingarstjóra verði lækkaður um 20%. Lækkunin samsvarar samanlagðri skerðingu réttinda í samtryggingarsjóði frá september 2009.”*

Fundarstjóri lagði til að tillaga b. frá Tryggva verði borin upp undir liðnum önnur mál.

Sigurbjörn Sveinsson: vill minna á að stjórnarseta er ekki vegna launanna heldur áhuga, vonandi. Segist ekki eiga skilið hirtingu vegna setu frá 2006. Laun

stjórnar hafa ekkert breyst undanfarin ár. Skerðing er í gangi á þeim launum vegna verðbólgu.

Fundarstjóri lagði til skriflega atkvæðagreiðsla um breytingartillögu TÁ þ.e. lækkun um 20%. Fundarmönnum gert að nota atkvæðaseðil nr. 6

Þeir sem eru samþykkir breytingartillögu um 20% lækkun segi Já, þeir sem eru samþykkir tillögu stjórnar segi Nei.

Já sögðu 2.060.972.015 eða 42,8 %

Nei sögðu 2.754.057.089 eða 57,2%

Tillaga TÁ var felld, og telst tillaga stjórnar um óbreytt stjórnarlaun því samþykkt.

9. Önnur mál.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður undir liðnum önnur mál.

Ingvar Baldursson telur að allir stjórnarmenn sem kosnir voru fyrir hrun (haust 2008) eigi að víkja. Hann lagði fyrir fundinn eftirfarandi tillögu:

“Ársfundur Almenna Lífeyrissjóðsins skorar á stjórnarmenn í Almenna Lífeyrissjóðnum sem sátu í stjórn sjóðsins í september 2008 og sitja ennþá í stjórn að segja af sér stjórnarsetu.

Verði stjórnarmenn við þessari áskorun verði boðaður aukaáðalfundur til að kjósa nýja stjórnarmenn. “

Fundarstjóri lagði til að kosið yrði um tillöguna með handauppréttingu. Samþykkir: 19 fundarmenn. Andvígir: 30 fundarmenn. Tillagan er felld.

Tryggvi Ásmundsson spyr framkvæmdastjóra um hans laun.

GB sagði sín laun vera kr. 1.200.000,- á mánuði auk kr. 90.000,- vegna aksturs. GB bað TÁ um að taka tillögu sína um lækkun launa til sín og sinna samstarfsmanna til baka gegn því að GB óski eftir viðræðum við stjórn um lækkun sinna launa. Segist ekki styðja lækkun launa annarra starfsmanna líkt og TÁ krefst, enda hafi helstu stjórnendur lækkað verulega í launum við það að hefja störf hjá AL.

TÁ sagðist ekki reiðubúinn til þess að draga tillöguna til baka, en tók skýrt fram að hann vildi ekki styðja tillögu Ingvars Baldurssonar um að stjórnarmenn segi af sér.

Kristján Guðmundsson: lækkaði sjálfur um 15 – 20% í launum. Vill að allir víki sem sátu í stjórn fyrir hrunið 2008. Vill að fullt traust ríki. Sjóðurinn var afsprengi Glitnis. Það verður að hreinsa borðið.

Tillaga TÁ (sjá lið 8 b.) var borin upp til atkvæða af fundarstjóra með handauppréttingu

Samþykkir 17
Andvígir 29

Tillagan var því felld.

Andrés Magnússon: vildi ræða gengisvarnir. Nettóeignastaða Íslands fyrir hrun var sú versta í heimi. Meðalávöxtun erlendra fjárfesta á Íslandi fyrir hrun var 35% sem þýðir “bóluhagkerfi”. Gengisvarnir eru veðmál. Voru annarlegir hagsmunir í gengisvörnum sjóðsins gagnvart Glitni? Það er ekki búið að gera upp samningana. Það var bankinn sjálfur sem tók skortstöðuna. Af hverju blokkerar stjórnin að þetta verði rannsakað? Bjarni Ármannsson var í stjórn sjóðsins þegar sjóðurinn tók stöðu gegn krónunni. AM ber upp tvær tillögur fyrir fundinn:

- a. *“Aðalfundur AL þann 29. apríl 2010 felur stjórn AL að reyna að innheimta upplýsingar frá Glitni um hvort Glitnir hafi tekið skortstöðu gegn íslensku krónunni um leið, eða innan 10 daga frá því að AL gerði sína gjaldeyrisskiptasamninga.
Aðalfundur AL þann 29. apríl 2010 felur stjórn AL að athuga hvort Glitnir hafi veirð mótaðili í gjaldeyrisskiptasamningum þar sem gjaldeyrisskiptasamningur AL var í pottinum.”*

Tillagan var samþykkt með handauppréttingu.

- b. *“Aðalfundur AL haldinn þann 29. apríl 2010 felur stjórn AL að fara þess á leit við fyrrverandi fulltrúa einn í stjórn AL tilnefndum af Glitni og fyrrverandi bankastjóri Glitnis, að hann góðfúslega gefi samþykki sitt fyrir því að hlutlaus aðili athugi hvort ráðstafanir á hans eigin hlutabréfum, skuldabréfum og gjaldeyrishreyfingar hafi verið í samræmi fið það sem var ákveðið af stjórn AL á þeim fundum sem ofan nefndur fulltrúi sat. Serstaklega verði athugaðir gjaldeyrisskiptasamningar. Til vara að ofan nefndur fulltrúi veiti góðfúslega samþykki sitt fyrir því að hlutlaus aðili athugi gjaldeyrisskipti hans (og féлага hans) og gjaldeyrisskiptasamninga á því tímabili sem hann sat í stjórn AL.”*

Tillagan var samþykkt með handauppréttingu.

Róbert Eyjólfsson: hvaða áhrif hefur það á rekstur sjóðsins ef sjóðurinn þarf að leiðrétta lán sjóðfélaga, þ.e lækka þau um t.d. 20%?

GB: Sjóðfélagalán eru 14 milljarðar sem þýði beina skerðingu á eignum sjóðsins og skerðingu á réttindum. Sagði jafnframt frá því að AL hefur veitt upplýsingar til stjórnvalda um lánin.

Ekki fleiri mál rædd.

Fundarstjóri og fundarritari taka að sér að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið kl. 21.10

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Rannveig', written in a cursive style.